



	
<p><u>Lykilbáttur</u></p>	<p>Við lok 7. bekkjar getur nemandi;</p>
<p>TJÁNING OG MIÐLUN</p>	<ul style="list-style-type: none"> • tjáð hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan hátt með ýmsum miðlum • hlustað eftir rökum og upplýsingum í samræðum og byggt upp röksemdafærslu í máli sínu og tekið tillit til ólíkra sjónarmiða • tekið mið af og lagað framsetningu sína að kröfum eða þörfum viðmælanda og notað viðeigandi hugtök og orðaforða sem tengjast umfjöllunarefni hverju sinni • gert vel grein fyrir og miðlað af þekkingu sinni og leikni, skoðunum, hugsunum og tilfinningum á þann hátt sem við á hverju sinni
<p>SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN</p>	<ul style="list-style-type: none"> • spurt spurninga og sett fram áætlun um efnistöð og úrlausn verkefna • skilgreint viðmið um árangur • lært af mistökum og nýtt sér óvæntar niðurstöður við lausn verkefna • áttað sig á mismunandi túlkunum og greint milli staðreynda og skoðana með rökum • vegið og metið hvort aðferð við verkefnavinnu hafi borið árangur og tekið þátt í mótun og miðlun viðfangsefna á skapandi hátt

<p>SJÁLFSTÆÐI OG SAMVINNA</p>	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir til hvers er ætlast í námi og skólastarfi og hagað námi sínu og störfum í samræmi við það • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum með það að markmiði af efla og byggja upp sjálfsmynd sína • unnið með öðrum og lagt sitt af mörkum í samstarfi sem tengist námi og félagsstarfi innan skóla • gert sér grein fyrir eigin hlutverki sínu í samstarfi og tekið þátt í að útfæra leiðir að sameiginlegum markmiðum • hafi á virkan hátt áhrif á skólasamfélag sitt með þátttöku í leik og starfi • tekið leiðsögn og uppbyggilegri gagnrýni á jákvæðan hátt
<p>NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGA</p>	<ul style="list-style-type: none"> • notað margvíslegar upplýsingaveitur og hjálpartæki við öflun gagna og til stuðnings við nám • notað ýmsa miðla við nýsköpun, þróun og framsetningu upplýsinga og hugmynda • sýnt ábyrgð í meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða verkefnavinnu og nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð
<p>ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI</p>	<ul style="list-style-type: none"> • gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvernig hann getur nýtt sér það í námi • sett sér markmið í námi og unnið eftir þeim • skipulagt eigið nám með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár